

Þökkum fyrir
árið sem
er að líða!

Opnunartímar

29. - 30. des: Venjuleg opnun

31. des: Opið 9-14

1. jan: Lokað

2. jan: Venjuleg opnun

KJARVÁL

KJARVÁL

Klaustur: Sími: 487 4616 Vik: Sími: 487 1325 Hvolsvöllur: Sími: 585 7590 Þorlákshöfn: Sími: 585 7595 Hella: Sími: 585-7585

VITINN

ÚTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum

AFMÆLI AFMÆLI

Laugardaginn 9. janúar n.k.
verður Ólafur Steinar
á Reyni 40 ára.

Af því tilefni býður hann vinum
og sveitungum til veislu á Hótel
Dyrhólaey og hefst hún kl. 20.30.

Fjölskyldan Reyni.



Nýr Skafftellingur.

Stúlka fædd á fæðingarveild LHS. 18.12.
2009 kl.11:45 þyngd 10 merkur lengd
48cm. Ljós. Guðrún Fema Ágústsdóttir.
Foreldrar: Róbert Birgir Gíslason og Helga
Dís Helgadóttir Arnardrangi í Landbroti.

VITINN

sendir auglýsendum svo og
lesendum öllum
bestu nýársóskir og þakkar
árið sem er að líða.

Næsti Viti á nýju ári kemur út
miðvikudaginn 6. janúar.

Útg.

SMÁAUGLÝSINGAR

VÍS
VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF

Bestu óskir um gleðilegt
ár með þökk fyrir
viðskiptin á árinu sem er
að líða

Áslaug Einarsdóttir
Þjónustustjóri VÍS



FLUGELDASALA

VÍKVERJA

Verður í húsi sveitarinnar sem hér segir:



Mánudagur	28.12	kl: 16.00-20.00
Þriðjudagur	29.12	kl: 16.00-20.00
Miðvikudagur	30.12	kl: 14.00-21.00
Gamlársdag		kl: 10.00-14.00


Prettándinn 6. jan kl: 16.00-19.00

Flugeldasýning um áramót.

Viðskiptavinum Víkverja stendur til boða eins og áður að greiða í sýningarpott fyrir áramótasýningu í Vík.

Sýningin verður um kl 21.15 á gamlárskvöld, á meðan brennan er.

Víkverji



LÖGREGLAN HVOLSVELLI

Samantekt vikuna 21. til 28. desember 2009

Alls voru 45 mál skráð þessa vikuna hjá lögreglunni á Hvolsvelli.

Í vikunni voru 11 teknir fyrir að aka of hratt. Sá sem hraðast ók var mældur á Skógasandi á laugardagskvöldið á 161 km. hraða og stöðvaði ekki er lögregla gaf honum merki svo um. Hann jók ferðina og náði að komast undan lögreglunni. Bifreiðin fannst svo yfirgefin nokkru síðar í Vík. Eigandi bifreiðarinnar fannst síðan daginn eftir og gekkst hann við brotinu. Hann viðurkenndi að hafa ekið á allt að 185 km. hraða við að komast undan lögreglunni. Má þykja mikil mildi að ekki hlaust slys af þessu atviki. Hann var á staðnum sviptur ökuleyfi til bráðabirgða, en mál hans hlýtur venjulega afgreiðslu.

Nú í lok ársins er gott að líta til baka yfir árið og erum við þakklátir að engin alvarleg slys hafa orðið í okkar umdæmi á árinu sem er að líða. Einnig að slysum hefur fækkað á milli ára. Mikið eftirlit hefur verið með umferðinni þetta árið, en 1520 ökumenn hafa verið stöðvaðir á árinu fyrir að aka of hratt í umdæminu. Embætti Ríkislögreglustjóra í samstarfssamningi við samgönguráðuneytið hefur kostað eftirlit í allt sumar og fram á haustið daglega og hefur ávallt verið farið í þetta fyrirfram skipulagða eftirlit sem náð hefur allt austur á Höfn í Hornafirði frá Selfossi. Þrátt fyrir að 1520 séu há tala er samt fækkun milli ára en í fyrra á sama tíma voru 1924 teknir fyrir að aka of hratt í umdæminu Hvolsvöllum.

Á árinu hafa 34 ökumenn verið stöðvaðir grunaðir um að hafa ekið undir áhrifum áfengis en á sama tíma í fyrra þ.e. árið 2008 voru 40 ökumenn stöðvaðir.

Þarna hefur orðið fækkun milli ára og lítum við á það sem árangur að okkur hafi tekist að draga úr þessum brotum með miklu eftirliti og forvörnum.

Á árinu voru 183 slys tilkynnt til lögreglunnar á Hvolsvelli og á sama tíma í fyrra voru 236 slys tilkynnt til okkar. Þarna hefur orðið fækkun. Kærð hegningarlaga brot voru á árinu 131 að tölu en í fyrra á sama tíma voru þau 98 svo greinilega hefur orðið mikil aukning í þeim málaflokki sem snýr m.a. að þjófnum, líkamsárásum og eignaspjöllum.

Lögreglan á Hvolsvelli þakkar fyrir árið sem er að líða og horfir með bjartsýni til nýja ársins. Er það okkar von að við náum frekari árangri í fækkun brota og að slysum haldi áfram að fækka á komandi ári. Gleðilegt ár!

Tekið saman af, Guðmundi Inga Ingasyni, varðstjóra

A DÖFINNI

FLUGELDASALA VÍKVERJA

Mánudagur 28.12 kl: 16.00-20.00

Þriðjudagur 29.12 kl: 16.00-20.00

Miðvikudagur 30.12 kl: 14.00-21.00

Gamlársdag kl: 10.00-14.00

Prettándinn 6. jan kl: 16.00-19.00

Hin árlega Prettándagleði

Á Ketilsstöðum verður sunnudaginn 3. jan. 2010 kl. 20:30 UMF KATLA

MÁLSHÆTTIR VIKUNNAR

Allir brosa á sama tungumáli.

Af góðum hug koma góð ráð.

Af sárri reynslu vitið vex.

Að hika er sama og tapa.

Að kvöldi skal ósáttum eyða.

Að hika er sama og að tapa.

Af litlum neista verður oft mikið bál.

Af máli má manninn þekkja.

Af nátturunni eru allir menn eins, en uppeldið gerir þá misjafna.

Af tvennu illu skaltu hvorugt velja.

Netverslunin - www.fallegfot.com

Mikið úrval að nýjum og ódýrum fötum, sendi um land allt.

Engin sendingarkostnaður innan Íslands

Nýjar sendingar koma reglulega - skráið ykkur á póstlistann og fylgist með. Nýjar sendingar koma reglulega - skráið ykkur á póstlistann og fylgist með



Anton Kári með dætur sínar, Jódísi Össu og Jóranni Eddu.

Yfirmaður tæknisviðs Skaftárhrepps

Anton Kári Halldórsson, heitir hann en hann tók við því starfi sl. haust. Hann er Mýrdælingum ekki ókunnur, er fæddur í Vík, árið 1983, sonur Halldórs Óskarssonar fyrr. skólastjóra í Vík og konu hans Eddu Antonsdóttur.

Aðspurður um námsferil, hann lærði húsa-smíði frá Iðnskólanum í Reykjavík, er með sveinspróf þaðan, og fór síðan í Tækniháskóla Kaupmannahafnar og útskrifaðist þar í byggingafræði í júlí sl.


En ástæða þess að Anton Kári lenti í þessu starfi á Klaustri?

“Það var tengdafaðir minn sem sá auglýsingu um þetta starf og benti mér á og nær einskær tilviljun sem réði því að ég sótti um þetta starf og fékk”.

Í hverju er starfið fólgið?

“Yfirmaður tæknisviðs sjá um öll skipulags og -byggingafræðingamál og umsýslu og önnur tilfallandi verkefni hjá sveitarfélaginu einnig um viðhald, endurbætur og útboð”.

Þá er Anton Kári í afleysingum í Lögreglunni



Birgir hættur!

Birgir Hinriksson, mjólkubílstjóri, hefur hætt störfum á þeim vetvangi, hætti 1. maí sl. enda að komast á aldur, eins og sagt er.

Birgir hefur verið bílstjóri hjá Mjólkurbúi Flóamanna og síðast hjá MS í 36 ár. Áður var hann búinn að keyra hjá Kaupfélagi Skaftfellinga í 9 ár.

Aðspurður hve marga km. hann teldi sig vera búinn að aka mjólkubíl, sagði Birgir að fljótt á titið reiknaðist sér til að það væru um 3,5 milljón km og ekki undir niúpúsund sinnum yfir Mýrdalssand.

Birgir vill senda mjólkurframleiðendum á svæðinu, þ.e. Austur- og Vestur- Skaftafellssýslu, þakkar fyrir samskiptin í gegnum tíðina um leið og hann sendir þeim bestu kveðjur og óskir um hagsæld á nýju ári og árum.

Þá vill hann færa þeim sérstakar þakkar sem fæddu hann á þessum árum.

Kona hans heitir Kristín Bjarnveig Böðvarsdóttir og eiga þau tvær dætur, þær Jódísi Össu fjögurra ára og Jóranni Eddu sem verður eins árs í feb. nk.

Þetta viðtal átti að birtast í júlíblaði Fb. en náðist ekki í tíma.

Vitinn óskar Antoni Kára heilla í starfi.

Hin árlega Þrettándagleði

Á Ketilsstöðum
verður sunnudaginn 3. jan. 2010 kl. 20:30



Brenna
Flugeldar
Verðlaunaafhending
Bingó

UMF KATLA

Kæru sveitungar.

Við á Geirlandi óskum ykkur gleðilegs árs
og þökkum fyrir öll gömlu árin
og óskum ykkur alls góðs á komandi ári.



Einnig viljum við láta ykkur vita að opið verður á barnum
eftir miðnætti á gamlárskvöld eins og áður.

Sjáumst, spjöllum og syngjum á nýju ári.
Erla og Gísli

Hvað boðar nýárs blessuð sól?
Hún boðar náttúrunnar jól,
hún flytur líf og líknarráð,
hún ljómar heit af Drottins náð.

Ó, sjá þú Drottins björtu braut,
þú barn, sem kvíðir vetrar þraut,
í sannleik hvar sem sólin skín
er sjálfur Guð að leita þín.

Í hendi Guðs er hver ein tíð,
í hendi Guðs er allt vort stríð,
hið minnsta happ, hið mesta fár,
hið mikla djúp, hið litla tár.

Sem Guðs son forðum gekk um
kring,
hún gengur ársins fagra hring
og leggur smyrsl á lífsins sár
og læknað mein og þerrar tár.

Því hræðst þú ei, þótt hér sé kalt
og heimsins yndi stutt og valt,
og allt þitt ráð sem hverfult hjól,
í hendi Guðs er jörð og sól.

Í almáttugri hendi hans
er hagur þessa kalda lands,
vor vaggja, braut, vor byggð og
gröf,
þótt búum við hin ystu höf.

Ó, sjá þú Drottins björtu braut,
þú barn, sem kvíðir vetrar þraut,
í sannleik hvar sem sólin skín
er sjálfur Guð að leita þín.

Hann heyrir stormsins hörpuhlátt,
hann heyrir barnsins andardrátt,
hann heyrir sínum himni frá
hvert hjartaslag þitt jörðu á.

Vor sól og dagur, herra hár,
sé heilög ásján þín í ár.
Ó, Drottinn, heyr vort hjartans mál
í hendi þér er líf og sál.

MATTHÍAS JOCHUMSSON



Dvalarheimilið Hjallatún í Vík eignaðist góðan grip á dögunum, það er píanó sem fjármagnað var af Skemmtanasjóði elliheimilisins sem var hluti af gjöf Ólafs Jónssonar til Hjallatúns um það leyti sem heimilið var opnað. Þetta er fallegur gripur og kemur að góðum notum. Það er Guðlaug Guðmundsdóttir forstöðukona Hjallatúns er stendur við píanóið.



Húsaleigubætur 2010

Þeir sem hyggjast nýta rétt til húsaleigubóta skulu sækja um húsaleigubætur fyrir hvert almanaksár og gildir umsóknin til ársloka. Eldri umsóknir eru ógildar.

Umsókn um húsaleigubætur skal hafa borist sveitarfélagi eigi síðar en 16. dag fyrsta greiðslumánaðar. Berist umsókn síðar verða húsaleigubætur ekki greiddar vegna þess mánaðar.

Umsóknareyðublöð og upplýsingabæklingur vegna húsaleigubóta liggja frammi á skrifstofu Mýrdalshrepps og á vef Félagsmálaráðuneytisins þar sem einnig má finna reiknivél fyrir húsaleigubætur. Slóðin á vef ráðuneytisins er:

<http://www.felagsmalaraduneyti.is/malaflokkar/husnaedismal/husaleigubaetur/>

Sveitarstjóri



Áramótafagnaður

Það er bara eitt kvöld, kalla þeir sig sem ætla að berja húðirnar og halda uppi stuði fram eftir nóttu.

Komum saman, kveðjum árið sem nú svífur á braut og fögnum nýju ári.



Húsið opnar kl. 00:30

Aldurstakmark 18 ár

*Óskum Skaftfellíngum árs og friðar.
Þökkum viðskiptin á árinu.*

Ungir framsóknarmenn

í Vestur-Skaftafellssýslu óska Skaftfellíngum gleðilegrar hátíðar og gleðilegs nýs árs með þökk fyrir samstarfið á árinu sem er að líða. Vonum að stundirnar verði fleiri á komandi ári. Með hátíðarkveðju



*Stjórn Ungra framsóknarmanna
í Vestur-Skaftafellssýslu*

Múlakotsskóli 100 ára

Í önnum við gerð jólablaðs Fréttabúa féll niður að minnast afmælis Múlakotsskóla.

Við reynum að bæta fyrir það fljótlega með skrifum í Vitanum og seinna í Fréttabúa. E.